

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis

við Domus Mentis geðheilsustöð ehf.

um starfsemi samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Domus Mentis geðheilsustöð ehf., kt. 4202171020, í samningi þessum nefnt Domus Mentis, gera með sér svofelldan samning:

1. Markmið, verkefni og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að:

- auka öryggi iðkenda í íþróttá- og æskulýðsstarfi,
- hafa umsjón með starfsemi samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs á grundvelli laga nr. 45/2019.

1.2. Verkefni

- Koma með virkum hætti á framfæri upplýsingum til þeirra sem taka þátt í starfsemi þeirra félaga og samtaka sem falla undir lög þessi, um atvik og misgerðir í þeim tilgangi að auka þekkingu og stuðla að réttum viðbrögðum við þeim.
- Leiðbeina þeim einstaklingum sem til samskiptaráðgjafa leita vegna atvika eða misgerða sem orðið hafa í skipulögðu starfi félaga og samtaka sem falla undir lög þessi eða í tengslum við það um þau úrræði sem standa til boða, hvernig kvörtun er komið á framfæri við rétt yfirvöld og eftir atvikum um þá þjónustu sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á.
- Aðstoða samtök og félög sem falla undir lög þessi við að gera viðbragðsáætlanir vegna atvika og misgerða sem verða í starfi þeirra og stuðla að samræmingu á landsvísu, eftir atvikum í samráði við Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, æskulýðssamtök og önnur samtök.
- Veita ráðgjöf til þeirra sem taka þátt í starfsemi félaga og samtaka sem falla undir lög þessi um fyrirbyggjandi aðgerðir og úrlausn einstakra mála.
- Fylgjast með rannsóknum og þróun á verksviði samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs og koma upplýsingum á framfæri við Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, æskulýðssamtök og önnur samtök sem falla undir lög þessi.
- Taka saman upplýsingar um starf samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs og þær tilkynningar sem honum hafa borist á liðnu almanaksári.
- Gera skýrslu til ráðherra um starf samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs á liðnu almanaksári.

1.3. Starfsemi

- Staða samskiptaráðgjafa er hýst hjá Domus Mentis. Starfsemi samskiptaráðgjafa skal vera aðgreind frá annarri starfsemi Domus Mentis. Starfsstöð samskiptaráðgjafa skal vera sýnileg innan Domus Mentis, með eigið símanúmer, heimasíðu og annað sem eykur á sýnileika verkefnisins. Starfsemi samskiptaráðgjafa skal einnig vera sýnileg á starfstöð Domus Mentis.
- Domus Mentis skuldbindur sig til þess að hafa opna skrifstofu alla virka daga ársins frá kl. 9-17 eða eftir samkomulagi. Að auki veitir samskiptaráðgjafi ráðgjöf í gegnum síma á símatíma.



- Þjónusta sem er í boði er á landsvísu eftir samkomulagi og greiðist ferðakostnaður af framlagi samkvæmt samningi.

1.4. Áherslur

Domus Mentis taki mið af stefnu stjórnvalda í íþróttá- og æskulýðsmálum. Domus Mentis standi fyrir kynningarstarfi til frekari upplýsinga fyrir íþróttá- og æskulýðhreyfinguna í upphafi starfseminnar að höfðu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og reglugerðar nr. 643/2018.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015 og við Alþingi.
- 2.3. Framlag í samningi þessum fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 18.4, íþróttir – æskulýðsmál sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.
- 2.4. Domus Mentis starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni. Vakin er sérstök athygli samningshafa á eftirfarandi lagaákvæðum: lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál, nr. 123/2015, íþróttalög nr. 64/1998 og æskulýðslög 70/2007.

3. Fjárhagsleg skuldbinding

- 3.1. Áætlað framlag fyrir árið 2020 er 12 m.kr, áætlað framlag fyrir 2021 er 12,2 m.kr. og áætlað framlag fyrir árið 2022 er 12,5 m.kr.
- 3.2. Auk þessa greiðast 4 m.kr. við undirritun samnings vegna undirbúnings fyrir starfsemi samskiptaráðgjafa.
- 3.3. Verði gerð breyting á fjárheimildum til málaflokks 18.4 í fjárlögum geta aðilar tekið upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breytttri fjárveitingu.
- 3.4. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Domus Mentis ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 18.4 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk 18.4 hjá Domus Mentis.
- 3.5. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 3.6. Árlegt framlag verður greitt í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt verður inn á bankareikning viðskiptabanka Domus Mentis. Skal framlag vegna samskiptaráðgjafans haldið aðgreindu í bókhaldi Domus Mentis og lagt inn á sérreikning sem tilheyrir verkefninu enda uppfyllir samningshafi öll skilyrði og kröfur sem samningur þessi kveður á um.

4. Ábyrgð

- 4.1. Domus Mentis ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Domus Mentis skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 4.2. Domus Mentis ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.3. Domus Mentis er óheimilt:
 - að afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila,
 - að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.


þetta
Ace



- 5.2. Domus Mentis skilar ráðuneytinu ársáætlun og starfsáætlun yfirstandandi árs, þar sem fram komi m.a. áætlun um ráðstöfun framlagsins og helstu markmið sem unnið verður að fyrir lok mars ár hvert.
- 5.3. Domus Mentis skal skila ráðuneytunum endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum fyrir lok júní ár hvert. Jafnframt skal Domus Mentis senda afrit af ársreikningi til Ríkisendurskoðunar.
- 5.4. Domus Mentis skilar ráðuneytinu öllum þeim upplýsingum sem ráðuneyti kallar eftir í tengslum við samning þennan. Ráðuneytinu er heimilt að birta þær upplýsingar opinberlega.
- 5.5. Fulltrúar ráðuneytis og Domus Mentis funda að lágmarki árlega um samninginn. Fyrir lok nóvember skilar Domus Mentis ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi m.a. staða verkefna og hvernig framlagi var ráðstafað miðað við áætlun. Einnig skal gera grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar árangri á verkefninu.
- 5.6. Domus Mentis veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálfst eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Við eftirlit hefur ráðuneytið óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.7. Eigi Domus Mentis í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. Domus Mentis tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Domus Mentis ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2020 – 31. desember 2022.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.4. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili eintaki auk þessa sem fjármála- og efnahagsráðuneyti heldur eintaki.



Reykjavík, 13. janúar 2020



Lilja D. Alfredsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



Áslaug Kristjánsdóttir,
f.h. Domus Mentis, geðheilsustöðvar




Íris Eik Ólafsdóttir,
f.h. Domus Mentis, geðheilsustöðvar



Þóra Sigfríður Einarsdóttir,
f.h. Domus Mentis, geðheilsustöðvar

Samþykki veitt, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015.



Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra